

AUGLÝSING

um birtingu á ESB-gerð á sviði fjármálaþjónustu
sem taka á upp í EES-samninginn.

Til stendur að taka eftirtalda reglugerð upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn var upphaflega birtur:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2025/1215 frá 17. júní 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar kröfur vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf samkvæmt hlutfalli stöðugar fjármögnunar.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Birtingin er liður í undirbúningi þess að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fyrir Alþingi lagafrumvarp til innleiðingar á reglugerðinni í íslenskan rétt, með þeim aðlögunum sem gerðar hafa verið við upptöku hennar í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Reglugerðin verður jafnframt á síðara stigi birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. september 2025.

F. h. r.
Guðrún Þorleifsdóttir.

Gunnlaugur Helgason.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2025/1215****frá 17. júní 2025****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar kröfur vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf samkvæmt hlutfalli stöðugar fjármögnunar**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,
eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,
með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,
með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽²⁾,
í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 ⁽⁴⁾ var kröfunni um hlutfall stöðugar fjármögnunar fyrir lánastofnanir bætt við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽⁵⁾. Krafan endurspeglar hluta af Basel III stöðlunum sem Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti og voru gerðir til að tryggja að lánastofnanir hafi fullnægjandi stöðuga fjármögnun yfir eins árs tímabil og komi þannig í veg fyrir óhóflegt gjalddagamisræmi milli eigna og skulda og að treyst sé um of á á heildsölufjármögnun til skemmri tíma. Krafan um hlutfall stöðugar fjármögnunar hefur verið í gildi síðan 28. júní 2021.
- 2) Ákvæði 428. gr. r (g-liður 1. mgr.), 428. gr. s (b-liður 1. mgr.) og 428. gr. v (a-liður) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 kveða á um stuðla stöðugar fjármögnunar vegna væntanlegra fjármuna úr fjármögnunarviðskiptum við viðskiptavinum á fjármálamarkaði, ef eftirstöðvatími þessara viðskipta er skemmri en sex mánuðir. Þessir fjármögnunarstuðlar eru, með hliðsjón af viðkomandi fjármögnunarviðskiptum, 0%, 5% eða 10%. Ákvæði 8. mgr. 510. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 kveða þó á um að þessir fjármögnunarstuðlar skuli hækkad, eigi síðar en 28. júní 2025, í 10%, 15% og 15%, eftir því sem við á. Þessi frestun á hækkun var í þeim tilgangi að veita lánastofnunum nægan tíma til að laga sig smátt og smátt að varfærnari kvörðun og til að meta hvort sú kvörðun hafi verið viðeigandi. Til viðbótar við þessa frestun á hækkun voru aðrar leiðréttingar samþykktar til að tryggja að innleiðing kröfunnar um stöðuga fjármögnun myndi ekki raska seljanleika á tengdum mörkuðum með tryggingar, þ.m.t. á ríkisskuldabréfamörkuðum.
- 3) Samkvæmt 6. mgr. 510. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 var Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁶⁾, veitt umboð til að meta hversu viðeigandi meðhöndlun er á stöðugri fjármögnun sem krafist er til ná yfir fjármögnunaráhættuna í tengslum við fjármögnunarviðskipti með verðbréf og ótryggt viðskipti við viðskiptavinum á fjármálamarkaði ef þau fjármögnunarviðskipti með verðbréf eða ótryggt viðskipti hafa eftirstöðvatíma sem er skemmri en sex mánuðir. Í samræmi við það umboð skilaði Evrópska bankaeftirlitsstofnunin þann 16. janúar 2024 skýrslu um tiltekna þætti rammans um hlutfall stöðugar fjármögnunar. Í þeirri skýrslu var komist að þeirri niðurstöðu að hækkun á tilskildum stuðlum stöðugar fjármögnunar, sem gilda um viðskiptin sem um getur í 428. gr. r (g-lið 1. mgr.), 428. gr. s (b-lið 1. mgr.) og 428. gr. v (a-lið) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, myndi hafa óveruleg áhrif á umfang hlutfalls stöðugar fjármögnunar hjá lánastofnunum. Í þeirri skýrslu var þó hvorki lagt mat á víðara svið né smitáhrif að því er varðar seljanleika

⁽¹⁾ Álit frá 2. maí 2025 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽²⁾ Álit frá 29. apríl 2025 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 22. maí 2025 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 12. júní 2025.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáættu mótaðila, markaðsáættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2019/876/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj>).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj>).

á ríkisskuldabréfamörkuðum og áhrif á ríkisskuldabréfamarkaði. Þess vegna eiga atriðin sem réttlæta frestun hækkunarinnar á stuðlum stöðugar fjármögnunar, eins og kveðið er á um í 8. mgr. 510. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, enn þá við. Þar sem meginhluti fjármögnunarviðskipta með verðbréf eru tryggð með ríkisskuldagerningum gæti hækkun á tengdum kröfum um stöðuga fjármögnun dregið úr seljanleika á viðkomandi mörkuðum. Þetta gæti í kjölfarið valdið hættu á auknum fjármögnunarkostnaði aðildarríkja og breytt fyrirkomulagi við miðlun peningastefnu.

- 4) Þar að auki hafa aðrar lögsögur aðila Baselinefndarinnar um bankaeftirlit ákvarðað tilskilda stuðla fyrir útreikning á kröfunni um stöðuga fjármögnun fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem er jafnhár þeim sem nú er í gildi skv. reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Í þessu samhengi, vegna harðrar alþjóðlegrar samkeppni á mörkuðum fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf, myndi hækkun tilskilinna stuðla fyrir útreikning á kröfunni um stöðuga fjármögnun fyrir 28. júní 2025 hafa í för með sér ójöfn alþjóðleg samkeppnisiskilyrði sem væru skaðleg fyrir fjármálamarkaði Sambandsins.
- 5) Til þess að komast hjá þessum ótilætluðu afleiðingum ætti að gera gildandi stuðla fyrir stöðuga fjármögnun fjármögnunarviðskipta með verðbréf og ótryggð viðskipti við viðskiptavinum á fjármálamarkaði, ef slík viðskipti eru með eftirstöðvatíma sem er skemmri en sex mánuðir, varanlega.
- 6) Til að tryggja fullnægjandi vöktun á vixlverkun milli krafna um stöðuga fjármögnun og seljanleika eigna á markaði sem tekið er við sem tryggingu vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf og ótryggðra viðskipta við viðskiptavinum á fjármálamarkaði, ef eftirstöðvatími slíkra viðskipta er skemmri en sex mánuðir, þ.m.t. ef þau eru tryggð með ríkisskuld, fjármögnunaráhættu lánastofnana og mögulegrar alþjóðlegrar þróunar á svæðinu, ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um það hversu víðeigandi þessar kröfur um stöðuga fjármögnun eru.
- 7) Tímabundið afnám varfærnis meðferðar vegna væntanlegra fjármuna úr fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og ótryggðum viðskiptum við viðskiptavinum á fjármálamarkaði, með eftirstöðvatíma sem er skemmri en sex mánuðir, myndi hafa í för með sér réttaróvissu fyrir markaðsaðila og óþarfa stjórnsýsluálag og fjárhagslega byrði fyrir bankageirann í Sambandinu almennt sem væri mögulegt að milda með því að setja skýrt fram væntanlega framkvæmdardagsetningu viðkomandi ákvæða. Til að tryggja samfellu þeirrar varfærnis meðferðar ætti þessi breytingarreglugerð því að koma til framkvæmda frá og með 29. júní 2025.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013

Ákvæðum 510. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal vakta fjárhæð stöðugar fjármögnunar sem þarf til að mæta fjármögnunaráhættunni sem tengist fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, þ.m.t. eignum sem tekið er við eða látnar eru af hendi í þessum viðskiptum og ótryggðum viðskiptum við viðskiptavinum á fjármálamarkaði, ef eftirstöðvatími slíkra viðskipta er skemmri en sex mánuðir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal skila framkvæmdastjórninni skýrslu, eigi síðar en 31. janúar 2029 og á fimm ára fresti eftir það, um það hversu víðeigandi þessi krafa um stöðuga fjármögnun er. Að teknu tilliti til þróunar á alþjóðavettvangi og eftirlitsmeðferðar sambærilegra viðskipta í öðrum lögsögum, skal í þessum skýrslum að lágmarki meta:“.

- b) Í stað d- og e-liðar kemur eftirfarandi:

„d) nægjanleika ósamhverfrar meðferðar á milli skuldbindinga með styttri eftirstöðvatíma en sex mánuði sem látnar eru í té af viðskiptavinum á fjármálamarkaði, sem falla undir 0% stuðul tiltækra stöðugar fjármögnunar í samræmi við c-lið 3. mgr. 428. gr. k, og eigna sem stafa af viðskiptum með styttri eftirstöðvatíma en sex mánuði við viðskiptavinum á fjármálamarkaði sem falla undir 0%, 5% eða 10% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. r (g-lið 1. mgr.), 428. gr. s (b-lið 1. mgr.) og 428. gr. v (a-lið),

e) áhrifin af upptöku hærri eða lægri stuðla tilskilinnar stöðugar fjármögnunar vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf, einkum þau sem eru með styttri eftirstöðvatíma en sex mánuði, við viðskiptavinum á fjármálamarkaði, á:

- i. verðuppbyggingu þessara viðskipta, og
 - ii. seljanleika eigna sem tekið er við sem tryggingu í þessum viðskiptum á markaði, einkum ríkis- og fyrirtækjaskuldabréfa,“.
- 2) Ákvæði 7. og 8. mgr. falla brott.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. júní 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 17. júní 2025.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

R. METSOLA

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. SZŁAPKA

forseti.

C-deild – Útgáfudagur: 7. október 2025